

Þingskjal 263

Umsögn / álitserð með þingskjali 263, Tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta.

Skipun starfshóps, sem gerir úttekt á tilhögun varðveislu skipa og báta.

dags. 26.04.2021

Fyllilega er tímabært að læra af reynslu nágrannaþjóða okkar, sem hafa nú afar víðtæka þekkingu og reynslu á sviði öflugss félagsstarfs og skilvirkum úthlutunarsjóðum.

Málefnið er tvímælalaust afar brýnt, því gömlum bátum fer einungis fækkandi með ári hverju. Skipasmíðastöðvar hafa lagt niður starfsemi ein eftir aðra og einungis örfáir nýir trébátar hafa verið smíðaðir hér á landi síðan á sjöunda áratugnum. Þekkingin er því í hættu á að hverfa í náinni framtíð.

Framtíð hins siglandi menningararfs er því í hættu hjá þjóð, sem byggt hefur afkomu sína á sjósókn. Ef ekki hefðu verið til bátarnir, þá hefðu heldur ekki verið byggð hér hús. Það er því alveg ljóst að okkur ber siðferðileg skylda til þess að vernda þann menningararf sem skip og bátar eru, á svipaðan hátt og húsin. Ekki er forsvaranlegt að gera upp þar á milli.

Ef svo fer að lög nr 80/2012 verða tekin til endurskoðunar og ákvæði 2.mgr. 3. gr. um aldur skipa sem teljast til forngripa verði tilgreindur við aldur og ekki ártalið 1950 (sem er löngu úrelt ártal) þá falla mun fleiri bátar undir það ákvæði, ef miðað er við t.d. báta 50 eða 60 ára og eldri. Ekki þarf að orðlengja nauðsyn þess að tryggja líf þeirra farkosta sem teljast til menningarsögulega verðmæta, en ekki falla undir þetta ákvæði. Fast ártal eldist illa og þyrfti annars að uppfæra reglulega, eftir því sem tímar líða.

Ágúst Østerby

Undirritaður er menntaður húsasmíðameistari í Reykjavík og síðar byggingafræðingur í Danmörku. Hefur starfað við viðgerðir og viðhald á trébátum í Danmörku frá árinu 2005 og lært þar af dönskum og sænskum bátasmiðum. Hefur síðan starfað sjálfstætt við bátaviðgerðir og endurbætur, ásamt ráðgjöf, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Er eigandi 13 báta í Danmörku og Svíþjóð, þar af 9 trébáta í Svíþjóð. Situr í stjórn nýstofnaðra Hollvinasamtaka Maríu Júlíu BA 36 á Ísafirði. Hef verið Minjastofnun og bæjarstjórn Vestmannaeyja innan handar nýverið með ráðgjöf og skýrslu vegna Blátinds í Vestmannaeyjum.

Undirritaður er einnig með í vinnslu kennslugögn fyrir Íslendinga í viðhaldi á trébátum og á tré utanhúss almennt.

Í stuttu máli líst mér vel á bæði þessa þingsályktunartillögu, sem og þingskjal 228, og sé ekki ástæðu til að koma með neinar tillögur um efnislega breytingu. Þær standa vel að mínu

mati. En ég er tilbúinn hvenær sem er að styðja umræðuna eða taka þátt í henni á hvern þann hátt sem í mínu valdi stendur.

Það sem ég hins vegar vil nefna hér, er að ég heyri menn í skipaverndargeiranum tala um tortryggni og vonbrigði í garð löggjafarvaldsins, sem aftur og aftur hafa haft til umræðu svipaðar tillögur og alltaf hafa þær hafnað í þögn og ekki náð afgreiðslu.

Svo nú þykir okkur sannarlega komið að því að alþingi taki sig saman og afgreiði málið og hrindi í framkvæmd því sem er þessu málefni svo mikilvægt. Svo stór áskorun á það varla að vera fyrir okkur að koma þessu í sama farveg og nágrannaþjóðir okkar.